



Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Flugvallarvegi
101 Reykjavík

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 5. september 2017
Tilv.: SRN17040671/3.90.4.0

Efni: Tillögur í öryggisátt í máli nr. 2015/119S072

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið vísar til skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa í máli nr. 2015-119S072 Jón Hákon og bréfs ráðuneytisins til Rannsóknarnefndar dags. 15. maí sl. Í skýrslunni gerði Rannsóknarnefndin eftirfarandi tillögur í öryggisátt, sbr. 35. gr. laga nr. 18/2013, um rannsókn samgönguslysa, með síðari breytingum:

1. Að það verði afdráttarlaust gert refsivert að ofhlaða fiskiskip og eftirlit með því tryggt.
2. Að siglingalögum verði breytt þannig að eigendum og váttryggingarfélögum fiskiskipa verði gert skylt að taka upp flök skipa sem sökkva nema sýnt sé fram á að slíkt sé ógerlegt.

Í kjölfar skýrslunnar óskaði ráðuneytið eftir því að verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda veitti umsögn sína um tillögurnar. Meðfylgjandi er umsögn verkefnisstjórnar.


Ráðuneytið er sammála þeim sjónarmiðum sem fram koma í umsögn verkefnisstjórnar.

Að því er varðar tillögu nr. 1 hyggst ráðuneytið setja af stað endurskoðun á löggjöf um skip með það fyrir augum að leggja fyrir Alþingi frumvarp á 148. löggjafarþingi sem ráðgert er að hefjist í september 2018.

Að því er varðar tillögu nr. 2 hyggur ráðuneytið á undirbúning að fullgildingu og innleiðingu Nairóbí-samþykktarinnar um fjarlægingu skipsflaka á sjó. Ráðuneytið telur að hægt verði að bregðast við tillögu nr. 2 samhliða þeirri vinnu.

Fyrir hönd ráðherra


Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir


Björn Freyr Björnsson

Verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda

**Umsögn til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis
um tillögur Rannsóknarnefndar samgönguslysa í öryggisátt
samkvæmt lokaskýrslu nr. 2015-119S072
er Jón Hákon (sknr. 1955) sökk þann 7. júlí 2015.**

Reykjavík 31. maí 2017

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur óskað eftir umsögn verkefnisstjórnar um öryggi sjófarenda á tveimur tillögum í öryggisátt, skv. 35. gr. laga um rannsókn samgönguslysa, með síðari breytingum, sem rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur beint til ráðuneytisins.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

Að það verði afdráttarlaust gert refsivert að ofhlaða fiskiskip og að eftirlit með því verði tryggt.

Að siglingalögum verði breytt þannig að eigendum og vátryggingafélögum fiskiskipa verð gert skylt að taka upp flök skipa sem sökkva nema sýnt sé fram á að slíkt sé ógerlegt.

Verkefnisstjórn styður fyrri tillöguna en bendir á að samhliða henni þurfi að ráðast í eftirfarandi aðgerðir og úrbætur:

- að bæta hæfniskoðanir skipa og eftirlit m.a. með skýrari leiðbeiningum í skoðunarhandbókum skoðunarmanna þannig að óhæffær skip séu ekki á sjó
- ítreka að Samgöngustofa framkvæmi skyndiskoðanir á skipum
- að kveða þurfi skýrar á í lögum um hleðslu báta
- tryggt sé að allir bátar hafi vel sýnileg hleðslumerki,
- spjöld séu á stýrishúsi með upplýsingum um hámarkshleðslu viðkomandi báts
- bæta og gera aðgengilegra fræðsluefni um stöðugleika báta
- bæta veiðimenningu sem hvetur til ofhleðslu með áróðri og fræðslu
- kannaðir verði möguleikar á að koma upp einhvers konar punktakerfi eða hið minnsta áminningum vegna ofhleðslu sem byggji m.a. á löndunartölum Fiskistofu, tilkynningum LHG um brot á hleðslu þannig að ítrekuð brot leiði til refsinga

Að því er varðar síðari tillöguna styður verkefnisstjórn tillöguna en vill jafnframt koma eftirfarandi á framfæri

- krafan um að skylt sé að taka upp skip eigi við um öll skip
- forsendur þurfa að vera skýrar og skoða beri sjálfstætt hvert tilvik m.t.t. samgönguslysa
 - að flakið valdi hættu fyrir umhverfi og/eða aðra sjófarendur
 - að verulegur vafi sé um orsakir slyssaf þar til bærum aðilum; Landhelgisgæslu, Umhverfisstofnun og Rannsóknarnefnd samgönguslysa
- erfitt og dýrt getur verið að það sé stöðluð krafa að taka upp flök og það getur verið flókið ferli að útfæra slíkt ákvæði í lögum, því þurfa að útfæra slíkar skyldur í nánú samstarfi við hagsmunaaðila og að vel ígrunduðu máli
- verkefnisstjórn styður fullgildingu og innleiðingu Nairobi samkomulagsins um að fjarlægja flök (Nairobi Removal of Wrecks) og að tillagan verði unnið samhliða því verkefni.

Fyrir hönd verkefnisstjórnar um öryggi sjófarenda

Ásbjörn Óttarson, formaður